

Fundur í skólaráði þann 27.04. 2016.

Mættir eru: Heimir Jóhannsson fulltrúi foreldra, Ásdís Elva Helgadóttir fulltrúi foreldra, Sigríður Jóna Ingólfssdóttir fulltrúi foreldra, Helga Lyngdal Þorsteinsdóttir fulltrúi kennara, Elísabeth Ása Heimisdóttir fulltrúi nemenda, Svava Svavarsdóttir ritari fulltrúi starfsmanna, Marías Benedikt Kristjánsson deildarstjóri, Anna Bergrós Arnarsdóttir deildarstóri og Ólöf Inga Andrésdóttir skólastjóri.

1. Framkvæmdir við skólann í sumar. Til stendur að mála skólann í sumar og gera við undir málningu þar sem þörf krefur. Einnig á að skipta um innréttingar, mála og skipta um gólfefni á kaffistofu starfsmanna. Húsgögn eru þar ekki innifalin. Þau koma af öðrum rekstrarlið og þá þarf t.d. að velja á milli hvort kaupa á búnað sem nýtist nemendum eða endurnýja á kaffistofu. Í fyrra vor voru endurnýjaðir stólar í allar heimastofur á unglingagangi og borð hjá einum árgangi. Þetta voru borð í ódýrari kantinum og spurning hvort þau henti elstu nemendum eða hvort færi eigi þau á miðstig. Skólinn hefur nú til ráðstöfunar um 2,6 milljónir til búnaðarkaupa. Skiptar skoðanir eru um hvort eigi að kaupa stóla fyrir kaffistofuna eða halda áfram að endurnýja fyrir nemendur. Fyrir liggur að þurfi að endurnýja gardínur á kaffistofu.

Óskað var eftir því að opnað yrði á milli kennslustofa á D-gangi eins og er á hinum göngunum og kennslurýmið yrðu stærri og gott aðgengi á milli. Það verður væntanlega gert og vonandi næst það fyrir næsta skólaár.

Það þarf einnig að setja vatnskrana fram í matsal svo ekki þurfi að fara í gegnum allt eldhúsið til að nálgast kalt vatn og líklega verður það gert.

2. Eldhús og mótuneyti. Ekki er boðið upp á pizzur í Síðuskóla þar sem er aðeins einn ofn og aðstaða til að setja ofan á nógu marga botna fyrir alla nemendur og starfsfólk er ekki nógu góð. Fermetrapláss í eldhúsi er líka lítið. Rætt um skömmun á mat en nemendur hafa í vetur skammtað sér sjálfir og það hefur gengið mjög vel og matarsóun minnkað.

3. Ávaxtaáskrift. Það hefur verið boðið upp á ávaxtaáskrift í nokkrum skólaum bæjarins. Þetta var í boði í Síðuskóla en var einhverra hluta vegna hætt. Það var bara ein tegund í boði og sækja þurfti ávextina í heilu lagi í eldhúsið. Jákvæðni er fyrir því að prófa aftur að bjóða upp á áskrift. Stjórnendur skoða fyrirkomulag á þessu.

4. Næsta skólaár. Verið er að ganga frá niðurröðun umsjónarkennara í bekk næsta skólaár. Væntanlegir eru 49 nemendur í 1. bekk næsta haust og fyrirhugaður er fundur með foreldrum þeirra þriðjudaginn 3. maí. Í Fréttabréfi maímánaðar verður upplýst um umsjónarkennara hvers bekkjar. Ekki eru fyrirsjáanlegar miklar breytingar á starfsmannahaldi.

5. Grenndarstöð á skólalóð. Fulltrúi foreldra talar um að sífellt fleiri fyrirspurnir berist um staðsetningu á grenndargámum á skólalóðinni. Umgengnin hefur versnað, mikið um glerbrot og rusl í kringum stöðina og umferð skapar hættu. Stundum er verið að losa gámana fyrir klukkan 8 að morgni þegar allir eru á leið í skólann. Skólaráð vill að hugað verði betur að hreinlæti og tryggt að ekki verði losað rusl rétt fyrir klukkan 8:00.

Hreystivöllur. Formaður foreldrafélags er búinn að grennslast fyrir um hreystivöll sem kostar um 13 milljónir fyrir utan uppsetningu, vsk og flutning.

Fundi slitið kl. 16:07.